

Umsókn um fæðingarstyrk námsmanna

skv. lögum nr. 95/2000, með síðari breytingum.



Foreldrar þurfa að fylla út sitt hvort eyðublaðið

Foreldri hefur sl. 6 mánuði stundað að lágmarki 75% nám.

Sjá frekari skýringar neðst á blaðinu.

Senda skal umsókn um fæðingarstyrk til: Vinnumálastofnunar - Fæðingarorlofssjóðs, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga

1. Nafn umsækjanda		Kennitala umsækjanda	
2. Heimilisfang	Póstnr.	Sveitarfélag	
3. Heimasími / GSM / vinnusími		Netfang	
4. Nafn hins foreldris		Kennitala hins foreldris	
5. a) Sjálfstæður réttur hvors foreldris fyrir sig er 90 dagar (3 mánuðir). Ég ætla að nýta mér _____ daga. b) Sameiginlegur réttur foreldra er alls 90 dagar. Þar af ætla ég að nýta mér _____ daga. c) Vegna fjölbura . Fjöldi barna: _____ . Fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi eða fæðist andvana eftir 22 vikna meðgöngu bætist við 90 daga sameiginlegur viðbótarréttur. Sótt er um _____ daga lengingu á rétti foreldra vegna fjölbura. Ég nýti mér _____ daga af viðbótarrétti. d) Í beinu framhaldi fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu myndast 60 daga sameiginlegur réttur. Ég nýti mér _____ daga. e) Í beinu framhaldi andvanafæðingar eftir 22 vikna meðgöngu myndast 90 daga sjálfstæður réttur hvors foreldris fyrir sig. Ég ætla að nýta mér _____ daga. Samtals (a+b+c) réttur sem ég sækir um eru alls _____ dagar. (30 dagar í mánuði).			
6. Á við ef foreldrar eru ekki giftir, í skráðri sambúð eða staðfestri samvist.			
<input type="checkbox"/> Foreldrar ætla að fara sameiginlega með forsjá barns og munu skila samkomulagi staðfestu af sýslumanni þar um. Framvísa þarf samningi til að greiðslur geti hafist til foreldris sem barn verður ekki búsett hjá.			
<input type="checkbox"/> Forsjáforeldri barns veitir samþykki sitt fyrir fæðingarorlofi forsjárlaus foreldris. Framvísa þarf fæðingarvottorði útgefnu af Þjóðskrá sem staðfestir að umsækjandi sé foreldri barnsins til að greiðslur geti hafist. Undirritað foreldri sem fer með forsjá barns/barna (fjölburaæðing) samþykkir hér með að forsjárlaust foreldri hafi umgengni við barnið/börnin í fæðingarorlofi sínu.			
Undirskrift forsjáforeldris			
7. Foreldri sem á rétt á fæðingarstyrk getur í fyrsta lagi byrjað í fæðingarmánuði barns. Ef raunverulegur fæðingardagur er ekki í sama mánuði og áætlaður fæðingardagur hefst greiðsla í þeim mánuði sem barnið fæðist í eða síðar ef foreldri óskar þess. Ekki er hægt að skipta fæðingarstyrk niður á fleiri tímabil. Réttur til fæðingarstyrks fellur niður þegar barnið nær 24 mánaða aldri. Óskað er eftir að hefja töku fæðingarstyrks í _____ mánuði árið _____. Greitt er eftir á í lok hvers mánaðar í fæðingarorlofi.			
Ég óska eftir greiðslum á bankareikning: Nr.banka _____ Hb. _____ Reikn. _____ Með innborgun á bankareikning fylgir uppgjör sem hægt verður að skoða í heimabankanum þínum.			
8. Með undirskrift minni samþykki ég að Vinnumálastofnun megi afla nauðsynlegra gagna úr staðgreiðsluskrá, tryggingagjaldaskrá og skattframtali ríkisskattjóra við framkvæmd laganna. Ég er jafnframt upplýst/ur um að gögn sem Vinnumálastofnun aflar með þeim hætti verða notuð við eftirlit með framkvæmd laganna. Með undirskrift minni staðfesti ég einnig að láta Fæðingarorlofssjóð vita um öll þau tilvik sem leitt geta til ofgreiðslu, þ.m.t. breytingar sem kunna að verða á fyrirhugaðri fæðingarorlofstöku eða tekjum mínum og haft geta áhrif á rétt minn til greiðslna og/eða leitt geta til ofgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, síá frekari leiðbeiningar vegna eftirlits á næstu bls.*			
Í því skyni að draga megi úr hefðbundinni póstsendingu bréfa er þér gefið færi á að fá stjórnvaldsáskvarðanir og önnur bréf frá Fæðingarorlofssjóði send á það tölvupóstfang sem þú gefur upp, sbr. liður 3 hér að framan, í stað þess að bréfin verði send með hefðbundnum bréfpósti.			
Ég óska eftir að: <input type="checkbox"/> fá stjórnvaldsáskvarðanir og önnur bréf frá Fæðingarorlofssjóði með tölvupósti , sbr. liður 3. <input type="checkbox"/> fá stjórnvaldsáskvarðanir og önnur bréf frá Fæðingarorlofssjóði með hefðbundnum bréfpósti .			
Staður og dagsetning			

Undirskrift umsækjanda*

9. Aðrar upplýsingar sem **umsækjandi** vill koma á framfæri:

Skýringar:

- Foreldrar sem hafa verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma eiga **sjálfstæðan rétt** til fæðingarstyrks í allt að 3 mánuði. Auk þess eiga foreldrar **sameiginlegan rétt** til fæðingarstyrks í 3 mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.
- **Fullt nám** skv. lögnum er 75-100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75-100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.
- Foreldri sem sækir um fæðingarstyrk sem námsmaður þarf að leggja fram **staðfestingu frá viðkomandi skóla** um að það hafi verið skráð í fullt nám og hafi staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma, þ.e. hve mörgum einingum foreldri hefur lokið á hverri önn síðustu tólf mánuði fyrir fæðingardag barns. Ekki er heimilt að taka meðaltal tveggja anna við mat á námsframvindu. Heimilt er að taka tillit til ástundunar náms í stað námsárangurs á þeirri skólaönn sem barn fæðist.
- Að jafnaði skal foreldri eiga **lögheimili** á Íslandi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma. Heimilt er þó að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna **náms erlendis** enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Hið sama gildir þegar foreldri hefur flutt lögheimili sitt tímabundið og stundar fjarnám við íslenskan skóla á þeim tíma enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og fullnægir öðrum skilyrðum um fæðingarstyrk til foreldra í fullu námi.
- Hafi foreldri haft lögheimili hér á landi í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag er barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal tillit tekið til búsetutímabila foreldris í öðrum EES-ríkjum þegar metið er hvort foreldri uppfylli lögheimilisskilyrði. Foreldri þarf að hafa verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki hafa liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili þess ríkis lauk. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um búsetutímabil og tryggingatímabil í öðru EES-ríki fylgja með umsókninni.
- Sækja skal um greiðslu fæðingarstyrks námsmanna a.m.k. **3 vikum** fyrir áætlaðan fæðingardag.
- Skila þarf **vottorði um væntanlegan fæðingardag** barns.
- Til þess að **nýta persónuafslátt** hjá Fæðingarorlofssjóði þarf eyðublaðið „Beiðni um nýtingu persónuafsláttar“ að berast í síðasta lagi 20. dag þess mánaðar sem sótt er um fæðingarorlof fyrir.
- **Foreldri sem er á vinnumarkaði en á ekki rétt á greiðslum** úr Fæðingarorlofssjóði getur átt rétt á fæðingarstyrk. Ætli foreldri að nýta sér þann rétt þarf að fylgja umsókn eyðublaðið „Tilkynning til vinnuveitanda“ þar sem fram kemur tilhögun orlofsins. Hvorki er greitt í lífeyrissjóð né stéttarfélag af fæðingarstyrk.

Eftirlit:

Samkvæmt 15. gr. b. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (ffl.) skal Vinnumálastofnun annast eftirlit með framkvæmd laganna og skulu skattyfirvöld láta stofnuninni í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirliti með framkvæmd þeirra enda hafi umsækjandi verið upplýstur um það. Á umsóknareyðublöðum Fæðingarorlofssjóðs staðfestir foreldri með undirritun sinni að Vinnumálastofnun megi afla nauðsynlegra gagna úr skráum ríkisskattstjóra við framkvæmd laganna, enda er það forsenda fyrir rétti foreldris til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, og að gögn sem stofnunin aflar með þeim hætti verða notuð við eftirlit með framkvæmd laganna.

Í 11. mgr. 13. gr. ffl. kemur fram að foreldri á innlendum vinnumarkaði sem á rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. en uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. á rétt á fæðingarstyrk skv. 18. gr., sbr. þó 12. mgr. 19. gr. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en nemur mismun fjárhæðar fæðingarstyrks og meðaltals heildarlauna foreldris skulu koma til frádráttar styrknum. Við útreikning á meðaltali heildarlauna skal miða við tvo mánuði fyrir fæðingarmánuð barns eða þann mánuð þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Til útfyllingar af Fæðingarorlofssjóði

Samkvæmt þessari umsókn greiðist:

Umsækjanda frá _____

Umsókn afgreidd _____